

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

1. Að óheimilt sé að stöðva og leggja ökutæki við austurkant Frakkastígs, frá Njálsgötu og 25 metra til norðurs.
2. Að Bryggjugata verði vistgata.
Ofangreint sé merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum þar sem það á við, í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum.
3. Að bílastæði við Snorrabraut 35A, Grettisgötumegin, verði merkt fyrir hreyfihamlaðan einstakling.
Bifreiðastæðið skal merkt með viðeigandi umferðarmerki, D01.22, og yfirborðsmerkingu í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum.

Skrifstofu sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs, 25. október 2021.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir skrifstofustjóri.

B-deild – Útgáfud.: 9. nóvember 2021